

Markmið þessa minnisblaðs er að undirstrika mikilvægi þess að setja upp færanlegar skólastofur (svítur) á gervigrasvöll vestan Nettóvallar til að bæta aðstöðu fyrir starfsemi á svæðinu.

### **Bakgrunnur:**

Á undanförunum árum hefur starfsemi á svæðinu í kringum Nettóvöll aukist verulega. Æfingar, mót og fjölbreytt íþróttastarf fyrir börn og ungmenni fara fram þar daglega. Þrátt fyrir þessa miklu notkun hefur aðstaðan ekkert þróast á svæðinu frá því að völlurinn var vígður 2021.

### **Skortur á aðstöðu:**

Núverandi aðstaða á svæðinu er takmörkuð og dugar ekki fyrir þann fjölda sem nýtir svæðið. Færanlegar skólastofur myndu skapa nauðsynlegt rými fyrir fundi, fræðslu, skipulagningu æfinga og aðra starfsemi sem tengist íþróttastarfinu.


### **Sveigjanleg og hagkvæm lausn:**

Færanlegar svítur eru tiltölulega fljótleg og hagkvæm leið til að bæta aðstöðu án þess að ráðast í umfangsmiklar og kostnaðarsamar byggingarframkvæmdir. Þær er einnig hægt að færa til eða laga að breyttum þörfum í framtíðinni.

### **Aukið öryggi og skipulag:**

Með sérstakri aðstöðu fyrir starfsfólk, þjálfara og skipulagningu verður auðveldara að halda utan um starfsemi, mótahald og viðburði á svæðinu. Það stuðlar að betra skipulagi og auknu öryggi fyrir iðkendur og gesti.

Virðingarfyllst,



**Hafþór Barði Birgisson**

**Íþrótt- og tómstundafulltrúi**

